

Nd.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson,
Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Úr fyrri mgr. 17. gr. laganna (ekkjju- og ekkilsbætur), sbr. 4. gr. l. nr. 96/1971, falla brott orðin „innan 67 ára aldurs“.

2. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðsins „ekkjubætur“ í a-, b- og c-lið, sbr. 17. gr. l. nr. 112/1972, kemur: ekkju- og ekkilsbætur.
2. Á eftir orðinu „mæðralaun“ í fyrri og síðari másl. c-liðar kemur: feðralaun.
3. E-liður, sbr. 7. gr. l. nr. 62/1974, orðast svo: Öror kubætur, ellilífeyrir og bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt 17. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um almannatryggingar, 17. gr., segir svo:

„Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í sex mánuði eftir lát maka, kr. 7730 á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 5796 á mánuði.“

Samkvæmt þessari grein eru ekkjum og ekkjum innan 67 ára aldurs greiddar bætur í 6 mánuði (7730 kr. á mánuði 1. sept. s.l.) eftir lát maka. Að auki eru greiddar bætur í 12 mánuði til viðbótar (5796 kr. á mánuði) hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu. Þennan sama rétt hefur einnig sambúðarfólk að uppfylltum ákvæðum 52. gr. almannatryggingalaga.

Eina undantekningin frá greiðslu ekkju- og ekkilsbóta er að ellilífeyrisþegar (67 ára og eldri) fá ekki greiddar þessar bætur. Erfitt er að sjá hvaða sanngirni liggur hér að baki, að undanskilja ellilífeyrisþega frá greiðslu slíkra bóta. Greiðslur lífeyris (grunnlífeyris og tekjutryggingar) úr almannatryggingum til ellilífeyrisþega eru engan veginn rök í málinu eins og eftirfarandi sýnir ljóslega.

Í fyrsta lagi: Öror kulífeyrisþegar, sem fá greidda sömu upphæð í lífeyri úr almannatryggingum og ellilífeyrisþegar, fá greiddar ekkils- og ekkjubætur en ellilífeyrisþegar ekki.

Í öðru lagi: Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins hafa tæplega 8200 aldraðir, eða 40% þeirra sem eru 67 ára og eldri, einungis lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu. Erfið framfærslu- og fjárhagsstaða getur því ekki síður skapast við lát maka ellilífeyrisþega en annarra. Sex mánaða ekkju- eða ekkilsbætur mundu því vissulega létta mörgum ellilífeyrisþegum röðurinn fjárhagslega við lát maka. Má t.a.m. nefna að samtals gæfu þessar bætur ellilífeyrisþega við missi maka tæpar 47 þús. kr. á 6 mánuðum og auðveldaði t.d. að greiða útfararkostnað. Áætla má að útfararkostnaður svari fullum lífeyri ellilífeyrisþega í þrjú mánuði.

Í þriðja lagi: 12 mánaða bætur eru greiddar til viðbótar ekkju- og ekkilsbótum í 6 mánuði við lát maka ef á framfæri bótaþega eru börn yngri en 18 ára. Samtals nema þessar 12 mánaða bætur um 70 þús. kr. *Ellilífeyrisþeginn, sem hefur börn á framfæri sínu, fær ekki slíkar greiðslur við lát maka.* Ellilífeyrisþeginn fær að vísu greiddan barnalífeyri (3377 kr. á

mánuði 1. sept. s.l.). Á s.l. ári fengu 33 ellilífeyrisþegar greiddan barnalífeyri með 49 börnum. *Aðrir fá einnig greiddan barnalífeyri við lát maka til viðbótar 6 mánaða ekkju- eða ekkilsbótum og til viðbótar 12 mánaða bótum hafi þeir barn undir 18 ára á framfæri sínu.* Almannatryggingakerfið greiðir því öðrum, óháð tekjum, 70 þús. kr. vegna framfærslu barna sinna *umfram það sem ellilífeyrisþegar fá vegna sinna barna.*

Af framangreindu er ljóst að hér er um að ræða mikið misrétti í tryggingalöggjöfni. Tryggingakerfið á að stuðla að fjárhagsöryggi heimilanna þegar slys, sjúkdómar, örorka eða dauðsföll ber að höndum. Markmið tryggingakerfisins er fyrst og fremst jöfnun lífskjara, einkum að tryggja öryggi þeirra sem höllum fæti standa. Skyldur þess eru ekki síst að veita öldruðum afkomuöryggi í ellinni. Með þetta meginmarkmið tryggingakerfisins í huga er fráleitt að synja öldruðum um ekkju- eða ekkilsbætur. Þessar bætur eru veittar óháð tekjum. Tekjujöfnun tryggingakerfisins með ekkils- og ekkjubótum getur því birst í þeirri mynd að hátekjumaðurinn með 100 þús. kr. í launatekjur á mánuði *getur fengið úr tryggingakerfinu allt að 116 þús. kr. við lát maka (6 mánaða bætur og 12 mánaða bætur), en ellilífeyrisþeginn, sem einungis hefur sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga, fær aftur á móti engar ekkju- eða ekkilsbætur við lát maka.*

Útgjöld almannatrygginga vegna 6 mánaða ekkju- og ekkilsbóta eru nú um 12 millj. kr. á ári og vegna 12 mánaða ekkju- og ekkilsbóta um 4 millj. kr. á ári. Með samþykkt þessa frumvarps yrði útgjaldaauki tryggingakerfisins því vart umtalsverður, en þessi lagabreyting tryggði hins vegar öldruðum réttindi sem allir aðrir þjóðfélagshópar hafa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að fella út þá takmörkun sem er í núgildandi lögum þess efnis að ekkju- og ekkilsbætur skuli þeir einir fá sem eru innan við 67 ára aldur.

Um 2. gr.

Í 51. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði um hvaða bætur má greiða einstaklingi samtímis og hvaða greiðslur í almannatryggingakerfinu geti farið saman. Í e-lið greinarinnar er kveðið á um að saman megi fara örorkubætur og bætur til ekkju eða ekkils skv. 17. gr. Til samræmis við ákvæði 1. gr. frumvarpsins er hér kveðið á um að saman megi einnig fara ellilífeyrir og bætur til ekkju eða ekkils skv. 17. gr.

Í 1. og 2. tölul. er eingöngu um að ræða að samræma ákvæði 51. gr. laganna þeim lagabreytingum sem áður hafa verið gerðar á 15. og 17. gr. almannatryggingalaga um rétt til ekkilabóta og feðralauna. Við þær lagabreytingar hefur þess ekki verið gætt að samræma þær ákvæðum 51. gr.